

Ed.

437. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá Landbúnaðarnefnd.

1. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir styrk, $\frac{2}{3}$ af kostnaðarverði þeirra veggjamóta, véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins og nýbýlastjórn telja samböndunum þörf á til byggingarstarfsemi þeirra. Styrkur veitist aðeins til kaupa á nýjum og vönduðum tækjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar sem talinn er nokkur vafi á því, að byggingar- og nýbýlasjóðum beri skylda til að greiða styrki þá, sem gert er ráð fyrir í 21. gr. laga nr. 7 12. jan. 1945, og vera má, að sú skylda hafi fallið niður, er sjóðir þessir voru sameinaðir með lögum, þá var frv. um það efni flutt og samþykkt í neðri deild. Landbúnaðarnefnd efri deildar telur rétt að flytja um þetta atriði sérstakt frv. og breyta frá því, sem áður var, um greiðslufyrirkomulag, þannig að ríkissjóður greiði styrkinn án milligöngu byggingarsjóða og nýbýlastjórn hafi hönd í bagga um veiting úr honum til áhaldakaupa.